



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Sent í umsagnargátt Alþingis

Kópavogi, 2. febrúar 2026
26011922/001.01 BR

Efni: Umsögn Kópavogsbæjar vegna 322. mál, þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040.

Árið 2025 var stofnaður vinnuhópur sem í sátu fulltrúar Vegagerðarinnar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðar og Garðabæjar þar sem skoðaðar voru framtíðarútfærslur svo kallaðrar Flóttamannaleiðar sem hefur gengið undir ýmsum nöfnum í gegnum árin. Ágætis samtöl áttu sér stað í hópnum og voru allir sammála um að uppbygging vegarins væri brýn með tilliti til aukinnar byggðar og umferðar sem og slæmu núverandi ástandi vegarins. Í minnisblaði Vegagerðarinnar dagsett 10. júlí 2025 um hönnunarforsendur og útfærslu vegna lagfæringa á Elliðavatnsvegi sem nýtast átti vegna umræðu um samgönguáætlun kemur fram að lega vegarins sé frá vegamótum Reykjanesbrautar við Kaldárselsveg í Hafnarfirði, um Vífilstaðaveg í Garðabæ og áfram inn í Kópavog um Vatnsendaveg að hluta, Rjúpnaveg og að Arnarnesveg.

Skýr krafa var frá Kópavogi að með uppbyggingu vegarins og aukinni umferð um hann til og frá Kópavogi, að tryggt yrði að umferð verði beint um Rjúpnaveg til og frá Arnarnesvegi og að gerðar yrðu viðeigandi breytingar á viðkomandi götum og gatnamótum til að svo geti orðið.

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun (sjá síðu 82 í þingsályktunartillögu) sem er kominn til umsagnar í umsagnargátt Alþingis kemur á óvart að Elliðavatnsvegur er einungis skilgreindur milli Kaldárselsvegar í Hafnarfirði og Austurkór í Kópavogi sem er í berhögg við það sem rætt var um og samstaða var um í vinnuhópnum og ekki í samræmi við það sem fram kemur í áður nefndu minnisblaði Vegagerðarinnar. Samkvæmt fulltrúa Vegagerðarinnar hafa orðið mistök þegar verkefnið var sett inn í tillögu til samgönguáætlunar og breyta þurfi mörkum framkvæmdarinnar þannig að veghluti nái á milli gatnamóta Kaldárselsvegar/Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar/Rjúpnavegar.

Kópavogsbær mun ekki geta stutt óbreytta tillögu eins og hún er lögð fram í þingsályktunartillögunni, þar sem Elliðavatnsvegur verði endurbættur til að taka á móti auknu umferðarflæði, án þess að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar í Kópavogi til að beina umferð ökutækja til og frá Arnarnesvegi um Rjúpnaveg og Vatnsendaveg sunnan hringtorgs við Tröllakór.



Áhyggjur Kópavogs tengt endurbótum á Elliðavatnsvegi án viðeigandi aðlögunar gatnakerfis í Kópavogi snúa að þeirri hættu að umferðarflæði mun leita áfram um Vatnsendaveg en ekki út á Arnarnesveg en uppbygging Arnarnesvegar á milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar mun draga úr áralöngu ofálagi umferðar á Vatnsendaveg og Vatnsendahvarf og væri það algjört óráð ef umferð um endurbættan Elliðavatnsveg muni beinast inn á Vatnsendaveg. Kópavogsbær mun verða tilbúinn í aðgerðir til að koma í veg fyrir slíkt nái fram að ganga.